

Alþingi  
Atvinnuveganefnd  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík

Reykjavík, 7. júní 2024

**Efni: 1036. mál til umsagnar frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis - þál. um ferðamálastefnu og aðgerðaáætlun til ársins 2030**

Vísað er til tölvupósts frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis sem barst Samgöngustofu þann 22. maí sl., varðandi beiðni um umsögn um tillögu til þingsályktunar um ferðamálastefnu og aðgerðaáætlun til ársins 2030, 1036. mál. Samgöngustofa vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri varðandi kafla E.7. í tillögu til þingsályktunar um ferðamálastefnu og aðgerðaráætlun til ársins 2030.

Í kafla E.7. *Bætt öryggi ferðamanna* er m.a. fjallað um að tryggja öryggi ferðamanna á ferð um landið almennt. Þá er talað um að stofnaður verði stafshópur til þess m.a. að greina öryggismál í ferðapjónustu og skoða upplýsingagjöf og hvernig skráningu slysa og óhappa er háttáð. Samgöngustofa sinnir upplýsingagjöf til ferðamanna þegar kemur að öryggi þeirra á vegum landsins en að auki sinnir Samgöngustofa skráningu umferðarslysa og óhappa, þ.m.t. slysum og óhöppum á ferðamönnum á vegum landsins. Því myndi það skjóta skökku við ef Samgöngustofa ætti ekki fulltrúa í fyrirnefndum starfshópi. Vegna þessa telur stofnunin að rétt sé að minnast á Samgöngustofu þegar talin eru upp dæmi um samstarfsaðila í þessum kafla.

Virðingarfyllst

Gunnar Geir Gunnarsson  
Deildarstjóri öryggis og fræðsludeildar